

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Grindavík nr. 808/1983.

1. gr.

5. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Þá skal og hver húseigandi greiða árlega holræsagjald í bæjarsjóð er nemi 0,1% af fasteignamatsverði húsa og lóða.

2. gr.

2. másl. 6. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Gjöld samkvæmt grein þessari er bæjarstjórn heimilt að hækka eða lækka um allt að 50 af hundraði, enda komi til samþykki hlutaðeigandi ráðuneytis.

Reglugerð þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Grindavíkurkaupstaðar staðfestist hér með skv. X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 15. maí 2000.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Sesselja Árnadóttir.*

Nr. 356

17. maí 2000

## AUGLÝSING

### um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og fenginni tillögu bæjaryfirvalda á Akranesi hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð á Akranesi.

Að umferð ökutækja um Háholt, austan Kirkjubrautar, verði leyfð í báðar áttir og stöðvunarskylda verði á umferð af Háholti, austan Kirkjubrautar, gagnvart Kirkjubraut.

Ákvörðun þessi tekur nú þegar gildi.

*Akranesi, 17. maí 2000.*

Sýslumaðurinn á Akranesi,

**Ólafur Þ. Hauksson.**

Nr. 357

19. maí 2000

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag 1. áfanga athafnasvæðis í Hellnahrauni, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti deiliskipulag 1. áfanga athafnasvæðis í Hellnahrauni, á fundi sínum þann 16. maí 2000, að því undanskildu að gildistöku deiliskipulags fyrir 8 lóðir nyrst í hverfinu er frestað þar til landnotkunarbreyting á aðalskipulagi hefur átt sér stað.